

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Ellisif Bjarnadóttir
Dalbraut 12
840 LAUGARVATN

Garðabær, 5. maí 2023
Málsnúmer: 202304-0039
RTh/KHS/LA

Efni: Umsögn um deiliskipulag fyrir Gásagust á Holtamannafrétti, Ásahreppi

Vísað er í tölvupóst dags. 19. apríl 2023 frá skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulag fyrir Gásagust fjallasel í Ásahreppi.

Náttúrufræðistofnun leggst eindregið gegn því að aðstaða fyrir ferðapjónustu verði byggð upp í Friðlandi Þjósárvera, þar á meðal í Þúfurveri við svokallaðan Gásagust.

Í gögnum málsins kemur fram að mannvirki séu frá árunum 1974 – 1990 og að allt að 10 manns geti gisti nú á staðnum jafnframt kemur fram að húsin séu lítið eða ekkert nýtt í dag, m.a. vegna ástands mannvirkja sem ekki eru skráð í Þjóðaskrá. Í mati Skipulagsstofnunar í skýrslu um Mannvirki á miðhálandinu (2018) eru 4 gistirými. Hvort heldur er, þá eru engin haldbær rök fyrir uppbyggingu á fjallaseli við Gásagust enda engin hefð fyrir gistingu og þjónustu fyrir ferðamenn á svæðinu.

Þúfuver er innan friðlandsins í Þjósárverum en *markmið friðlýsingarinnar er að tryggja víðtæka og markvissa verndun gróðurlendis Þjósárvera í heild sinni, vistkerfi veranna, rústamýrarvist, varpstöðvar heiðagæsa, víðernis, sérstakrar landslagsheildar og menningarminja, auk fræðslu til almennings um verndargildi svæðisins.*

Að mati Náttúrufræðistofnunar gengur það gegn verndarhagsmunum Þjósárvera að auka umsvif í hjarta friðlandsins og það í mun meira mæli en tíðkast hefur hingað til. Fyrirhuguð uppbygging á svæðinu eru í mikilli nálægð við rústamýravist og aðrar votlendisvistgerðir sem allar hafa mjög hátt verndargildi á heimsmælikvarða. Fuglalíf eru mjög fjölbreytt og mikið í Þúfuveri. Uppbygging miðast aðallega við gönguhópa en engu að síður er ætlunin að gera greiðfæran slóða frá Kvíslaveituvegi að Gásagusti auk bílaplans þar sem að rútur geta snúið við. Það opnar svæðið enn frekar og getur skapað aukið álag á gróður og dýralíf innan friðlandsins og býður hættunni heim.

Töluvert er lagt upp úr þeim hluta með markmið friðlýsingar sem snýr að fræðslu almennings um friðlandið. Náttúrufræðistofnun telur að þeim upplýsingum megi koma til skila á annan hátt en að byggja upp nýtt fjallasel sem hætta er á að rýri verndargildi friðlandsins.

Í greinagerð kemur einnig fram að Gásagustur sé ekki hluti af víðerni svæðisins. Rétt er að Gásagustur er innan við 5 km frá Kvíslaveituvegi og lóninu í Kvíslavatni. Hins vegar er vegurinn og lónið vart eða ekki sýnilegt frá Gásagusti. Mikilvægt er að vernda landslag svæðisins og nýjar byggingar, bílastæði og vegir hafa áhrif á landslag og víðernisupplifun.



Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er gert ráð fyrir að uppbygging ferðamannaaðstöðu verði takmörkuð á miðhálandinu og að megin áhersla verði á uppbyggingu ferðaþjónustu á jaðarsvæðum miðhálandisins og á afmörkuðum svæðum í nánd við aðalvegi á miðhálandinu (Heimild: Skipulagsstofnun, 2018. Mannvirki á miðhálandinu. Framfylgdarverkefni Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Skipulagsstofnun, ágúst 2018. 80 bls). Heildstætt mat vantar um þörfina fyrir uppbyggingu ferðaþjónustumannvirkja á miðhálandi Íslands, eins og Landsskipulagsstefna kallar eftir.

Þær byggingar sem fyrir eru í Þúfuveri hafa nú lokið hlutverki sínu og engin knýjandi nauðsyn að endurnýja þær og stækka stórum. Í stað þess mælist Náttúrufræðistofnun til að fjarlægja þessi mannvirki og skila staðnum sem næst í upprunalegri mynd.

Virðingarfyllst,



Rannveig Thoroddsen, plöntuvistfræðingur
Svið Rannsókna og vöktunar

